

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	26.05.2015
Málalýkill	02.30
Mál nr.	1505226



Varasjóður húsnæðismála

Garðabær
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

Sauðárkrókur 21. maí 2015.

Efni: Lok verkefni um framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði.

Varasjóður húsnæðismála sem var stofnaður á árinu 2002 starfar samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum og í samræmi við reglugerð nr. 656/2002, með síðari breytingum, og samkomulagi félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 4. apríl 2002. Samkomulagið hefur síðan verið endurnýjað í þriggja árang frá árinu 2006 en það rann út í lok síðasta árs. Hlutverk Varasjóðs húsnæðismála er skilgreint í lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 en sjóðurinn á meðal annars að veita framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði.


Frá stofnun Varasjóðs húsnæðismála hafa sjóðnum verið markaðir tekjustofnar samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga. Í september 2011 var gert samkomulagi um verkefnaflutning milli ríkis og sveitarfélaga sem kvað á um að sveitarfélög fjármögnuðu að öllu leyti verkefni Varasjóðsins. Þetta samkomulag var í gildi fyrir árin 2012 - 2013 en rann úr gildi 31. desember 2014 og hefur ekki verið endurnýjað.

Nú liggur fyrir að Varasjóður húsnæðismála hefur ekki fjármuni til afgreiðslu umsókna um framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði.

Í ljósi fjárhagslegrar stöðu Varasjóðs húsnæðismála ákvað ráðgjafarnefnd sjóðsins á fundi þann 20. apríl 2015 að hætta móttöku og afgreiðslu umsókna frá sveitarfélögum vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði frá og með 20. apríl 2015.

Frekari upplýsingar veitir Guðni Kristjánsson, framkvæmdastjóri Varasjóðs húsnæðismála á skrifstofutíma í síma 569-6878. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið: gudnik@ils.is.

Virðingarfyllt, f.h. Varasjóðs húsnæðismála.


Guðni Kristjánsson, framkvæmdastjóri.